



170. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 7. maí kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 28.04.2015
2. Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13.04.2015
3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – drög
4. Aðalfundarboð MMP
5. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – tilnefning fulltrúa
6. Verslunar- og þjónustuhúsið í Vaglaskógi – erindi
7. Málefni félagsheimila í Þingeyjarsveit

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 28.04.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 28. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er fimm liðum.

Varðandi 4. lið fundargerðar; Rekstrarniðurstaða skólans á síðasta ári og staða deilda nú. Sveitarstjóra og formanni Fræðslunefndar falið að fara yfir rekstrastöðu leikskóladeildar Tjarnaskjóls og gera grein fyrir niðurstöðu á næsta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

2. Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13.04.2015

Lögð fram fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13. apríl s.l. þar sem stjórn félagsins óskar eftir yfirlýsingu frá eigendum (sveitarfélögunum) þess efnis að sveitarfélögin styðji áfram við rekstur félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að tryggja rekstur Leigufélags Hvamms ehf. út árið 2015, enda verði yfirdráttur félagsins að fullu nýttur til þess.

3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – drög

Tekin til umfjöllunar drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi sem þriggja manna verkefnisstjórn hefur unnið að í samræmi við samning milli sorpsamlaga á svæðinu og sveitarfélagsins Húnaþingi vestra, dags. 8. mars 2012, um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt Norðurland.

Sveitarstjórn samþykkir að fela verkefnisstjórn að auglýsa áætlunina fyrir hönd sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Jafnframt verði verkefnisstjórn falið að taka við athugasemdum sem berast á umsagnartíma.

4. Aðalfundarboð MMP

Lagt fram fundarboð á aðalfund Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2015 sem haldinn verður þann 8. maí n.k. í Sauðaneshúsi á Langanesi.

Samþykkt að oddviti fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

5. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – tilnefning fulltrúa

Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 28. apríl s.l. þar sem óskað er eftir að Þingeyjarsveit tilnefni fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 1 og 4 í Vatnajökulspjóðgarði. Samkv. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 skal tilnefna bæði karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Ásvald Ævar Þormóðsson sem fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 1 og Heiðu Guðmundsdóttur sem fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 4 í Vatnajökulspjóðgarði fyrir Þingeyjarsveit.

6. Verslunar- og þjónustuhúsið í Vaglaskógi – erindi

Lagt fram erindi frá Kristni Inga Péturssyni, dags. 29. apríl s.l. þar sem hann óskar eftir að kaupa verslunar og þjónustuhús í Vaglaskógi af sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Málefni félagsheimila í Þingeyjarsveit

Tekið til umræðu málefni og rekstrarfyrirkomulag félagsheimilanna í sveitarfélaginu.

Samþykkt að fela Félags- og menningarmálanefndar að gera úttekt á starfsemi félagsheimilanna og skila sveitarstjórn tillögu fyrri 1. júní n.k. um rekstrarfyrirkomulag þeirra.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms frá 29.04.2015
- b) Fundargerð stjórnar DA frá 29.04.2015
- c) Verkefni ársins og fjárhagsáætlun MMP 2015
- d) Árbók Þingeyinga – ársreikningur 2014

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:16

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason